

Nd.

765. Rökstudd dagskrá

feld í Nd. 1. september.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

(Frv. til laga um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kaптúnum o. fl., þgskj. 588).

Með því að frumvarp þetta felur í sjer mikilsvarðandi skerðing á eignar-
rjetti bæði mjög margra einstakra manna og bins opinbera, hefir alls eigi verið
rætt meðal þjóðarinnar og þyrfti grandgæfilegrar athugunar við áður gert væri
að lögum, og getur orkað því, að menn bæði innlendir og útlendir geti í skjóli
slikra laga náð undir sig verðmætum eignum fyrir lítið verð, — og í trausti þess,
að stjórnin athugi málið til næsta þings og leggi þá frumvarp fyrir þingið, ef
henni þykir ástæða til, er hafi inni að halda tryggingar bæði fyrir eigendur lóða
og sjávarútvegsmenn, er fá vilja útmældar lóðir í kaupstöðum og í löggiltum
kaптúnum og fiskiverum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.